

Nd.

466. Breytingartillögur

[125. mál]

við brtt. á þskj. 391 [Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.].

Frá Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal.

a. Við 2. tölulið (2. gr., sem verður 1. gr.).

1. 1. málsgr. orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast, fyrir það sem umfram er, að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar í Stéttarsambandi bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi ráðstafanir:

2. a-liður orðist svo:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda á lögbýlum og annarra, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Er það m. a. heimilt með því:

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en án tillits til framleiðslumagns þar fyrir ofan.

Að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Heimilt er að ákveða að skerðing grundvallarverðs sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum með meðalbú og minna.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem getur verið mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta.

Heimilt er að nota samtímis tvær eða fleiri af ofangreindum leiðum.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda á ákvæðum þessa stafliðar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessarar heimildar.

Reglur um framkvæmd þessa stafliðar gilda til eins árs í senn.

3. b-liður orðist svo:

- b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður og innlendar fóðurlöndur, sem erlent fóður er notað í að hluta. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu, án þess að greiða gjaldið, fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofns á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skattstjórar skulu fyrir 1. maí ár hvert gefa Framleiðsluráði upp framtalið afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

4. 1. málsgr. c-liðar orðist svo:

Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkv. a- og b-lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla er verða kann á útflutningi milli söluaðila. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjár magninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

5. 2. málsgr. c-liðar orðist svo:

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og ráðuneytisstjórinn í landbúnaðarráðuneytinu og sé hann formaður.

- b. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi.